

94 A. Stjórnarfundur haldinn 27. janúar 2016 hjá Alta Ármúla 32 R

Mætt: hjá Alta: Ármann Höskuldsson, Björn Ingi Jónsson, Snorri Ingimarsson, Vilhjálmur Árnason, Halldóra Hreggviðsdóttir frá Alta og Þórður H. Ólafsson framkvæmdastjóri, á fjarfundi: Ruth Magnúsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Guðrún Á. Jónsdóttir. Óli Halldórsson gat ekki tengst fundinum Guðmundur Hörður Guðmundsson, boðaði forföll

Fundur hófst kl.15:00

1. Undirbúningur Vatnajökulspjóðgarðs, vegna gagnagerðar fyrir opinberra stefnumótun við fjárlagagerð

- Farið yfir upplýsingar/eyðublöð sem skila þarf til umhverfisráðuneytis vegna nýrra leiða við opinbera stefnumótun fyrir fjárlagagerð og tímarás
- Farið yfir verkefni sem skilgreind hafa verið í aðgerðaáætlun – öll nema framkvæmdahlutann og rætt um forgangsröðun þeirra
- Helstu áskoranir og hindranir
- Næstu skref

Upplýsingar sem skila þarf og tímarás

Þjóðgarðurinn þarf að skila inn 4 vinnuskjölum

- Vinnuskjal 0: Yfirlit yfir stefnur og stefnumótandi skjöl
- Vinnuskjal 1: Kortlagning meginmarkmiða, forgangsröðun þeirra og gæðamarkmið.
- Vinnuskjal 2: Kortlagning og forgangsröðun þjónustu og meginverkefna.
- Vinnuskjal 3: Áskoranir og hindranir.

Þessum vinnuskjölum þarf að skila inn föstudaginn 29. janúar. Í framhaldi mun gefast tími til að fínþússa gögnin.

Farið var yfir öll vinnuskjölin.

Vatnajökulspjóðgarður stendur vel að vígi í þessari vinnu, þar sem Stjórnunar- og verndaráætlun með sín 37 starfsmarkmið gefur nauðsynlegan grunn í stefnumótunina. Á grunni hennar hafa verið skilgreind verkefni sem vinna þarf og verða grunnur að aðgerðaáætlun fyrir þjóðgarðinn til næstu 5 ára.

Farið var yfir öll markmið og þrjú lykilmarkmið úr Stjórnunar- og verndaráætlun. Þau eru:

- Að vernda, viðhalda og þróa... snýst um að vernda náttúruna á sjálfbæran hátt.
- Að upplifa...snýst um taka á móti gestum og miðla upplýsingum um umhverfið.
- Að skapa...snýst um að starfa með atvinnulífinu og styðja við nýsköpun.

Á þessum grunni hafa verið skilgreind 37 starfsmarkmið í Stjórnunar- og verndaráætlun. Nú hafa verið skilgreind verkefni sem þjóðgarðurinn þarf að vinna að á grunni þeirra. Stjórn hefur fengið sendan link með öllum verkefnum sem skilgreind hafa verið. Þjóðgarðsverðir hafa tekið þátt í að fara yfir þessi verkefni og stöðu þeirra. Verkefnið skiptast gróflega í verkefni sem tengjast:

- Uppbyggingu innviða
- Rannsókna
- Atvinnumála

- Rannsóknna
- Skipulagsmála
- Framkvæmda

Farið var yfir verkefni og forgangsröðun ákveðin. Atvinnumál og skipulagsmálin sett á oddinn auk uppbyggingar innri innviða, öryggis-, umhverfis- og gæðamál einnig talin mikilvæg auk stefnumótunar um fræðslu og miðlun. Í raun sé allur þessi grunnur nauðsynlegur til að þjóðgarðurinn geti unnið markvisst að sinni uppbyggingu. Gögnin unnin nánar á grunni samtalsins.

Á þessum grunni verður unnin aðgerðaráætlun fyrir þjóðgarðinn til næstu fimm ára, sem nýtast mun afar vel í skipulagi og áætlanagerð.

Þórður vék af fundi.

Helstu áskoranir og hindranir

Til að þjóðgarðurinn geti orðið það græna iðjuver sem honum er ætla, þarf að byggja nauðsynlegar grunnstoðir sbr. markmið og verkefni.

Tíðrætt var um atvinnustefnu, nauðsyn að koma henni í framkvæmd og stöðu lagafrumvarps sem þarf að samþykkja í Alþingi áður en hægt er að ljúka henni. Heimildir skortir í núverandi lögum.

Næstu skref

Þórður mun senda öll eyðublöðin inn til umhverfissráðuneytisins á föstudag 29. janúar.

Stjórn mun hittast í næstu viku til að rýna þau. Á þeim fundi verði einnig farið yfir drög að atvinnustefnu.

Fundi slitið um 17:15.